



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr: 201908379
Skjalasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

Reykjavík 07.10.2019

Mosfellsbær
Lára Gunnarsdóttir
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

11 OCT 2019
Bréfalykill: 19.3

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 4. október 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lagt fram bréf Mosfellsbæjar dags. 12. september 2019 ásamt deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir verslunar, þjónustu- og athafnasvæði í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ. Lýsingin er send til kynningar/umsagnar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Helena Stefánsdóttir
Helena Stefánsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.



Reykjavík 4. október 2019

Varðar: Mosfellsbær, deiliskipulagslýsing.

Lagt er fram bréf Mosfellsbæjar dags. 12. september 2019 ásamt deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir verslunar, þjónustu- og athafnasvæði í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ. Lýsingin er send til kynningar/umsagnar. Markmiðið vinnslu deiliskipulagstillögu er að skipuleggja svæði undir blöndu af verslun og þjónustu af ólíkum stærðum og léttum og þrifalegum iðnaði. Áhersla verði lögð á að að starfsemi verði með þeim hætti að hverfið verði líflegt, að vandað verði til ásýndar hverfisins og að gætt verði að verndun náttúru og lífríkis í jaðri svæðis. Um er að ræða ca 17,4 ha svæði.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við lýsingu, en skipulagsfulltrúi Reykjavíkur áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/ athugasemdir í skipulagsvinnuna á síðari stigum verkefnisins.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson